
SELJALANDSHEIÐARNÁMA

Efnisnám vegna endurbóta á Landeyjahöfn

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 18. janúar 2018 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Vegagerðinni um fyrirhugaða allt að 40.000 m³ efnistöku í Seljalandsheiðarnámu vegna endurbóta á Landeyjahöfn í Rangárþingi eystra samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 2.03 og 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Rangárþings eystra, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Umhverfisstofnunar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Seljalandsheiðarnáma, E-422, efnistaka vegna endurbóta á Landeyjahöfn í Rangárþingi eystra. Vegagerðin, janúar 2018.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Rangárþingi eystra með tölvupósti dags. 6. febrúar 2018.
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 2. febrúar 2018.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 25. janúar 2018.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 31. janúar 2018.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Mat á umhverfisáhrifum Bakkafjöruhafnar, Bakkafjöruveggar og grjótnám á Seljalandsheiði, fór fram á árunum 2007-2008. Álit Skipulagsstofnunar um framkvæmdina lá fyrir þann 26. júní 2008. Við framkvæmdina var opnuð náma á Seljalandsheiði, þar sem klöpp var sprengd og notuð í brimvarnargarða við höfnina. Við lok framkvæmda var gengið frá námunni að stærstum hluta, en á kafla var skilið eftir námustál, svo síðar væri auðvelt að sækja efni í námuna.

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að fyrirhugaðar séu endurbætur á Landeyjahöfn. Þær felist í því að leggja steiptan veg út eftir báðum varnargörðum að innanverðu og skapa með því aðstöðu fyrir færanlegan krana svo unnt verði að viðhalda höfninni með dælingum sem verði stýrt úr landi. Með því móti verði unnt að halda æskilegu dýpi í hafnarmynninu við mun óhagstæðari aðstæður en hægt er með dýpkunarskipi.

Fram kemur vegna endurbótanna sé nauðsynlegt að sækja efni í grjótvörn. Það verði sótt í námu E-422 á Seljalandsheiði. Við gerð Landeyjahafnar hafi verið skilinn eftir grjótlager á svæði vestan hafnarinnar. Nú hafi sá lager verið tæmdur og því nauðsynlegt að koma upp nýjum lager vegna



viðhalds og endurbóta á höfninni. Gert sé ráð fyrir að taka um 40.000 m³ af grjótnarefni og kjarna úr Seljalandsheiðarnámu og flytja það á geymslusvæði vestan við Landeyjahöfn. Þaðan verði efnið sótt til viðhalds og endurbóta á hafnargörðunum.

Fram kemur að Seljalandsheiðarnáma sé staðsett suðvestur af Stórhöfða, á Seljalandsheiði. Í námunni sé 4-18 m þykkt basalhraunlag. Ofan á því sé sums staðar lélegt berg á efstu 4–8 m og eitthvað um leirkennt set undir yfirborðshellunni. Þetta efni þurfi að hreinsa ofan af vinnslusvæðinu áður en eiginleg grjótvinnsla hefjist. Svæðið virðist innihalda nægt efni fyrir varnargarða í Landeyjahöfn. Á árunum 2008-2009 hafi verið teknir allt að 500.000 m³ af efni úr námunni. Við efnistöku var tæplega 140.000 m² svæði raskað en sjálft grjótnámið fór fram á mun minna svæði. Efnistakan verði innan svæðis sem raskað var við efnistöku á árunum 2008-2009.

Þá kemur fram að efnisflutningar muni fara um 5,4 km langan námuveg sem liggja frá Þórsmurkurvegi síðan um 2 km eftir Þórsmurkurvegi að Hringvegi og aðra 2 km eftir Hringvegi að Landeyjarhafnarvegi og loks tæpa 12 km niður að Landeyjahöfn. Ef gert er ráð fyrir að efnisflutningarnir standi yfir í um 3 mánuði, getur ferðafjöldi farið í allt að 50 ferðir á dag. Gert er ráð fyrir að í námunni verði tvær stórar gröfur og hjólaskófla, ýta, loftbor og að allt að 6 búkollur verði notaðar við flutningana. Gert er ráð fyrir að olúbíll muni þjóna vélum eftir þörfum en mögulega verði komið upp olíutanki á svæðinu.

4 UMHVERFISÁHRIF

Samfélag

Fram kemur að á framkvæmdatíma aukist umferð þungra bíla um Þórsmurkurveg, Hringveg og Landeyjarhafnarveg tímabundið vegna efnisflutninga frá námunni. Umferðin verði framhjá Seljalandsfossi og Gljúfrabúa og tjaldsvæðinu Hamragörðum. Í grennd við flutningsleiðina verði aukinn umferðarhávaði og loftmengun. Einnig dragi úr umferðaröryggi þegar umferð eykst. Á framkvæmdatíma verður truflun á umferð akandi ferðamanna, ferðaþjónustuaðila, hestamanna og göngufólks um námuveginn vegna efnisflutninga um hann. Talið er að truflunin verði óveruleg, því umferðin er lítil. Áhrifin séu tíma- og staðbundin.

Verndarsvæði, landslag og jarðmyndanir

Fram kemur að Seljalandsheiðarnáma sé innan hverfisverndarsvæðis Hv-624 sem sé mjög umfangsmikið og nái að norður og austur mörkum sveitarfélagsins. Svæðið einkennist af stórbrotnu og fjölbreyttu landslagi sem sé kjörið til útivistar. Jafnframt sé bráðabirgðageymslusvæði fyrir grjótlager niður við Landeyjahöfn innan hverfisverndarsvæðis Hv-234 sem sé jafnframt á náttúruminjaskrá og á skrá sem alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði. Á svæðinu er m.a. talsvert skúmavarp. Lagning námuvegarins og efnistaka á svæðinu sem fór fram á árunum 2008-2009 hafi þegar breytt landslagi á Hamragarða- og Seljalandsheiði. Í útboðsgögnum verði lögð áhersla á vandaðan frágang og að allur akstur vegavinnutækja utan skilgreinds framkvæmdasvæðis verði óheimill. Efnistaka úr námunni muni ekki breyta einkennum landslags á Seljalandsheiði meira en þegar hefur orðið því námuvinnslan verði innan núverandi námusvæðis. Á framkvæmdatíma verði rask á landslagi vegna dýpkunar námunnar. Sjónræn áhrif námuvinnslunnar verði einkum vegna rasks við ofanafýtingu meðan á verki stendur og óhjákvæmilega verður 10 – 15 m hátt námustálið áberandi á framkvæmdatíma. Sjónræn áhrif verði aðeins í næsta nágrenni framkvæmdasvæðisins, á Núpshéiði og Seljalandsheiði. Við frágang námunnar verði raskað svæði gert sem minnst áberandi með því að aðlaga brúnir þess að landinu í kring. Frágangi verði hagað þannig að ekki myndist vindálag á lausan jarðveg og allar brúnir afrúnnaðar. Fram kemur að með góðri hönnun, frágangi og eftirliti með framkvæmdum sé hægt að draga verulega úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar á landslag. Vegagerðin muni stuðla að því að röskun á landi verði sem minnst



og að hún takmarkist við svæði sem þegar hafi verið raskað og að engu ósnortnu landi verði raskað á námusvæðinu.

Fram kemur að engum jarðminjum sem njóti verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga verði raskað en námuvinnslan komi óhjákvæmilega til með að hafa áhrif á ankaramíthraun sem séu sjaldgæf og því verði hrauninu raskað eins lítið og kostur er. Vegagerðin telur að neikvæð áhrif grjótnáms á Seljalandsheiði á landslag og jarðmyndanir verði óveruleg.

Umhverfisstofnun bendir í umsögn sinni á að huga ætti að því hvernig efnistöku verði hagað í framtíðinni og ganga varanlega frá þeim hluta námunnar sem ekki verði nýttur frekar.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að sú vinnsla sem nú sé fyrirhuguð geri ráð fyrir að ná sem hæstu hlutfalli stórgrýtis úr námunni. Að loknu útboði muni Vegagerðin í samráði við verktakann skilgreina hvernig vinnslu verði best hagað. Í verkinu verði leitast við að ganga frá þeim hluta námunnar sem ekki verði nýttur frekar.

Fuglar

Fram kemur að Vegagerðin geri ráð fyrir að fyrirhuguð efnistaka og efnisflutningar geti haft neikvæð áhrif á fugla á framkvæmdatíma vegna jarðrasks við námuvinnslu, sprengingar og umferðar vinnuvéla. Óbein áhrif verði vegna aukinnar umferðar innan alþjóðlegs fuglaverndarsvæðis á Markarfljótsaurum. Með aukinni umferð aukist líkur á ákeyrslum á fugla. Vegagerðin telur að þar sem ekki sé verið að hreyfa við óröskuðu svæði muni áhrif framkvæmdarinnar á fugla á svæðinu tímabundin og óveruleg.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Áður en framkvæmdaleyfi verður veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Rangárbings eystra 2012-2024.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Rangárbings eystra samkvæmt 13.-15. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands samkvæmt reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða allt að 40.000 m³ efnistöku úr opinni námu, Seljalandsheiðarnámu, í Rangárþingi eystra. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og liðum 2.03 og 13.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Við ákvörðun um hvort framkvæmd sem er tilkynningarskyld skuli háð umhverfismati skal Skipulagsstofnun taka mið af viðmiðum sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, sem varða eðli framkvæmdar, staðsetningu framkvæmdar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar. Hér að neðan er gerð grein fyrir niðurstöðu stofnunarinnar um allt að 40.000 m³ efnistöku úr Seljalandsheiðarnámu í Rangárþingi eystra að teknu tilliti til framangreindra viðmiða, byggt á framlögðum gögnum framkvæmdaraðila, umsögnum umsagnaraðila, og svörum framkvæmdaraðila.

Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal einkum taka mið af stærð og umfangi framkvæmdar, sammögnunaráhrifum með öðrum framkvæmdum, nýtingu náttúruauðlinda og slysaþættu sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.



Fyrirhuguð efnistaka er ekki mikil að umfangi eða um 40.000 m³. Um er að ræða frekari efnistöku úr námu sem var opnuð þegar Landeyjahöfn var reist. Framkvæmdinni fylgir óhjákvæmilega nokkur umferð þungra en hægfara vörubifreiða á um 2 km kafla á þjóðveginum frá Þórsmerkurvegi eða Landeyjahafnarvegi. Þar sem umferð á þjóðvegum hefur aukist mjög mikið á síðustu árum telur Skipulagsstofnun slysaþættu vegna þungaflutninga á stuttum kafla Hringvegur vera nokkuð áhyggjuefni. Einkum vegna þess að ferðamennska hefur aukist gríðarlega með tilheyrandi akstri. Skipulagsstofnun telur því nauðsynlegt að sá kafla á Hringvegi sem flutningarnir munu fara um verði rækilega merktir þannig að vegfarendum megi vera ljóst að svæðið sé tímabundið framkvæmdasvæði.

Staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati þarf að athuga hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, sem og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar m.a. með tilliti til getu til endurnýjunar náttúruauðlinda og þess hvort fyrirhuguð framkvæmd sé á svæði sem nýtur verndar sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig ber að líta til álagspóls náttúrunnar, og eiginleika hugsanlegra áhrifa, m.a. tímalengdar og óafturkræfi áhrifa.

Fyrirhuguð efnistaka og efnislager við Landeyjahöfn eru innan hverfisverndarsvæða. Skipulagsstofnun telur að verndargildi þeirra muni ekki rýrna varanlega vegna framkvæmdanna en ónæði muni aukast á framkvæmdatíma og svæðin verða fyrir neikvæðum áhrifum á meðan framkvæmdir standa yfir. Óhjákvæmilega mun efnistakan hafa í för með sér varanleg og óafturkræf áhrif á það hraunlag sem efni er tekið úr þó svo að ekki sé verið að taka efni á öröskuðu svæði. Efni hefur áður verið tekið úr námunni í mun meiri mæli og er sú viðbót sem nú er ráðgert að taka samsvarar um 8% af fyrri efnistöku vegna byggingar Landeyjarhafnar. Verndargildi hverfisverndarsvæðanna á Seljalandsheiði og við Markarfljótsaura munu ekki skerðast varanlega. En ótvírætt mun verða tímabundið ónæði á báðum svæðum á meðan framkvæmdir standa yfir.

Ákvörðunarorð

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna og að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð allt að 40.000 m³ efnistaka í Seljalandsheiðarnámu sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 23. mars 2018.

Reykjavík, 22. febrúar 2018

Jakob Gunnarsson

Sigurður Ásbjörnsson